

Mestur afli á suðursvæði



Afla strandveiðibáts landað í Hafnafjarðarhöfn. [mbl.is/Árni Sæberg](http://mbl.is/Árni_Sæberg)

Alls var 451 strandveiðibátur kominn með leyfi til veiða í gær, en 291 hafði landað afla fyrstu þrjá daga vertíðarinnar, sem byrjaði á mánudag.

Alls var 302 tonnum landað í vikunni, en veður var mjög misjafnt eftir svæðum og víðast hvar erfitt að róa í norðanáttinni.

Heimilt er að draga 650 kíló, í þorskígildum talið, af kvótabundnum tegundum í hverri veiðiferð. Flestir bátar, eða 121, eru byrjaðir strandveiðar á svæði A frá Arnarstapa að Súðavík og komu þar 116 tonn á land í vikunni. Meðalaflí á bát á A-svæði er því 959 kíló. 82 bátar eru byrjaðir á D-svæði frá Höfn í Borgarnes og hafa þeir landað 113 tonnum. Þar er meðalaflinn mestur eða 1.381 kíló á bát. Á B-svæði frá Norðurfirði til Grenivíkur eru 46 bátar byrjaðir og meðalaflinn 677 kíló. Á C-svæði frá Húsavík að Djúpavogi eru 42 bátar byrjaðir og aflinn alls 42 tonn eða um tonn á bát.

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/05/07/mestur_afli_a_sudursvaedi/